

Leikniæfingar í vélsumi



SIGRÚN ANNA ÓLAFSDÓTTIR

Leikniæfingar í vélsaumi

*Kennsluefni í vélsaumi til ljósrítunar fyrir nemendur
ásamt kennsluleiðbeiningum fyrir kennara.*

©2003 Sigrún Anna Ólafsdóttir

©2003 Teikningar: Böðvar Leós

Útlit og umbrot: Böðvar Leós

Ritstjóri: Ingólfur Steinsson

Vefútgáfa

Námsgagnastofnun Reykjavík

*Anna Fanney Ólafsdóttir las yfir handrit,
prufukenndi og veitti góð ráð.*

*Verkefna- og námsstyrkjasjóður
Kennarasambands Íslands
styrkti gerð þessa verkefnis.*

Leikniæfingar í vélsaumi

Í aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að nemendur kynnist saumavél í 3. bekk. Markviss þjálfun frá upphafi gerir nemendur færari í að nýta sér saumavélina og þeir verða sjálfstæðari í verki.

Markmið þessara leikniæfinga er fyrst og fremst að nemendur öðlist færni í að sauma með saumavél. Æfingarnar byggjast á því að nemendur sauma eftir línum á blöðum. Inn í þessar æfingar fléttast þau atriði sem tekin eru fyrir í hverjum árgangi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.

Æfingarnar skiptast í þrjú stig. Fyrsta stigið er fyrir nemendur í 3. og 4. bekk, annað stigið fyrir 5., 6. og 7. bekk og það þriðja fyrir 8., 9. og 10. bekk.

- 1 Í æfingunum fyrir fyrsta stigið er lögð áhersla á þau atriði sem hæfa byrjendum, t.d. að sauma eftir beinni línu, að beygja og að bakka.
- 2 Á öðru stigi þurfa nemendur að framkvæma sporbreytingar og við bætast æfingar þar sem t.d. er saumað eftir flóknari línum og farið í hugtök eins og að sauma fótbreidd frá brún.
- 3 Á þriðja stigi er svo lögð áhersla á fleiri spogerðir og flóknari línur.

Á öllum stigunum er lögð áhersla á rétt vinnubrögð og vandvirkni. Ekkert mælir á móti því að æfingarnar séu notaðar á fleiri aldursstigum eða röðinni breytt. Þess vegna eru þær ekki númeraðar eða merktar ákveðnum bekkjum. Reynslan hefur kennt mér að tvær til þrjár æfingar í senn fyrir hvern nemanda gefur góðan árangur. Hafa verður í huga eðli verkefnanna sem nemendur eiga að taka sér fyrir hendur að loknum æfingunum, þegar þær eru valdar og fjöldi þeirra ákveðinn.

En af hverju pappír? Það er þægilegt að sauma eftir línum á blöðum og auðvelt að fjölríta æfingarnar. Hægt er að sauma án tvinna og sjá samt sem áður hvernig til tókst en mér hefur fundist gott fyrir byrjendur að æfa sig að sauma án tvinna til að byrja með. Einnig er pappír mun ódýrari en textílefni.

Viðbrögð nemenda minna gagnvart leikniæfingum í vélsaumi hafa verið jákvæð og þeim gengur yfirleitt betur að vinna þau verkefni sem þeir taka sér fyrir hendur eftir að hafa æft sig á þennan hátt.

Allar ábendingar eru vel þegnar og ég svara fúslega fyrirspurnum.
Netfangið mitt er sao@ismennt.is.

Sigrún Anna Ólafsdóttir

Áður en hafist er handa

Nemendur sem eru að fara að sauma með saumavél í fyrsta skipti gera sér oft litla grein fyrir því hvernig hún virkar. Það er því mikilvægt að vera búinn að útskýra eftirtalin atriði vel áður en byrjað er að sauma og rifja þau upp á hverju ári:

- | | |
|--------------|----------------------|
| ● Fótstig | Fyrir eldri nemendur |
| ● Handhjól | bætist við: |
| ● Nál | ● Præðing |
| ● Saumfótur | ● Saumspor |
| ● Fótlyftari | ● Stillingar |
| ● Flytjari | |
| ● Bakktakki | |

Gott er að byrja önnina á að kenna öllum nemendahópnum á saumavélina og styðjast við blaðsíður 31 – 36 í bókinni *Hannyrðir í 3. – 6. bekk*.

Að lokinni umfjöllun er byrjað á æfingunum. Kennarinn hefur þá ljósritað þær æfingar sem nemendur í viðkomandi hóp eiga að sauma (2-4 æfingar fyrir hvern nemanda). Þar sem nemendur eru mismunandi fljótir að vinna getur verið gott að hafa nokkrar æfingar aukalega fyrir þá fljótu t.d. ýmis form. Það er líka vinsælt að sauma frjálst á blað.

Algeng vandamál

Ýmis vandamál geta komið upp þegar nemendum er kennt á saumavélar. Hafa verður í huga að þær geta verið mjög hættulegar ef farið er óvarlega.

Nemendur vilja stundum stíga of fast á fótstigið. Mikilvægt er að vara við því. Hægt er að líkja saumavélinni við bíl. Ef stigið er of fast á bensínjölfina fer bíllinn of hratt og ef bílstjórinn er ekki að horfa á veginn getur hann keyrt útaf eða lent í árekstri. Sögur af nemendum sem hafa ekki farið varlega og saumað í fingurna á sér vekja óhug hjá flestum og eru víti til varnaðar.

Nemendum hættir stundum til að halda of fast í blaðið, þá nær saumavélin ekki að færa blaðið áfram og það rifnar. Ef saumavélin færir ekki blaðið áfram þrátt fyrir að haldið sé mjög laust í það, gæti þurft að þyngra saumfótinn aðeins.

Það er ekki sjálfgefið að nemendur geri sér grein fyrir í hvaða átt saumavélin saumar.

Áhugalausir nemendur vilja oft rumpa æfingunum af án þess að vanda sig. Gott er að gera þeim það ljóst áður en hafist er handa að ef æfingarnar eru ekki vel gerðar þurfa þeir að gera þær aftur og aftur þar til þær verða góðar. Ekki má samt gleyma að kröfurnar verða að miðast við getu hvers og eins nemanda.

Það er algengt vandamál að tvinninn flækist í saumavélinni og allt verði fast. Þess vegna er gott að byrja að æfa án tvinna. Þegar tvinninn er kominn í vélin er hægt að kenna nemendum að leysa flækjur, þ.e. að taka saumfótinn upp, toga laust í tvinnann og snúa handhjólínu

örlítið í öfuga átt og svo aðeins áfram. Þetta virkar oft og sjálfbjarga nemendur geta hjálpað öðrum nemendum þegar kennarinn er mjög upptekinn. Röng þræðing er samt algengasta ástæðan fyrir því að tvinninn flækist í saumavélinni.

Saumavélar eru mismunandi. Ekki er hægt að gera verklýsingar sem passa öllum saumavélum fullkomlega. Skoðuðu saumavélarnar í skólastofunni þinni og athugaðu hvort leiðbeiningarnar á blöðunum passi við þær vélar áður en þú byrjar.

Nemendur sem fullyrða að þeir kunni allt og þurfi ekki að æfa sig komast oft að því að það er ágætt að rifja upp ýmis atriði.

1. stig: 3. og 4. bekkur

Æfingarnar á fyrsta stiginu eru ætlaðar byrjendum en eru einnig góðar sem fyrsta æfing fyrir þá sem lengra eru komnir en þurfa að rifja upp. Ef nemendum mistekst er alltaf hægt að fá nýtt blað og gera aðra tilraun. Munið að hafa gaman af og hrósa fyrir góðan árangur.

Fyrsta saumavélaræfingin mín

Fyrst er áherslan lögð á að nemendur kynnist fótstiginu og hvernig þeir geta stýrt blaðinu. Línan á að vera fyrir miðjum saumfætinum og nálin á að hitta í línuna. Það er best að byrja án tvinna. Nemendum er kennt að hafa nálina niðri og lyfta saumfætinum þegar beygt er. Saumað er eftir línunni áleiðis að miðjunni.




Kassar Beinn saumur

Þessa æfingu er gott að sauma með tvinna og kenna nemendum að byrja og enda á hverjum kassa (klippa tvinnann á milli). Hér þarf að minna nemendur á að setja nálina niður og lyfta saumfætinum á hornunum. Byrjað er á stærsta kassanum og saumað eftir línunni. Þá eru hinir kassarnir saumaðir eins.

Hundahlaup

Í þessari æfingu eru nemendur þjálfaðir enn meira í að sauma krappar beygjur. Jafnframt fá þeir þjálfun í að sauma eftir bogadregnum línunum. Þá þarf að útskýra hvernig hægt er að hreyfa blaðið á meðan saumað er en stundum þarf að stoppa, setja nálina niður, saumfótinn upp og færa blaðið. Þessa æfingu er einnig hægt að sauma með sikk sakki að hluta.



Bangsi

Þessi æfing hentar mjög vel sem undirbúningur þegar nemendur eru að fara að sauma bangsa (sbr. bls. 73 í bókinni *Hannyrðir í 3.- 6. bekk*).

2. stig: 5., 6. og 7. bekkur

Þó að nemendur hafi kynnst saumavél áður þarf alltaf að rifja upp. Þá er gott að fara yfir atriðin sem talin voru upp hjá fyrsta stiginu og grípa í æfingar eins og t.d. Kassa og Hundahlaup. Nú bætast hinsvegar við fleiri atriði s.s. þræðing og að nemendur læra að stilla á milli spora á saumavélinni.

Form

Það sem nemendur sauma getur verið mismunandi í laginu. Í þessari æfingu er áherslan lögð á aðferðir við að beygja, bæði krappar beygjur og aflíðandi. Hægt er að sauma með beinum saumi og sikk sakki.

Að bakka í byrjun og enda Beinn saumur

Hér er aðaláherslan á bakktakkann og hlutverk hans. Fyrirmælin um að bakka í byrjun og enda verður að taka með fyrirvara því oft vilja blöðin rifna. Það getur verið vegna þess að saumsporið er of lítið eða nemandinn heldur of fast í blaðið þannig að saumavélin nær ekki að færa það áfram.



Fótbreidd frá brún og títuprjónar

Hingað til hafa nemendur saumað eftir línunum en nú er tekið fyrir hugtakið að sauma fótbreidd frá brún. Skyggðu fletirnir eru þá eins og efni og saumfóturinn á að vera við línuna innanverða (brúnina á efninu). Síðan er saumað með sikk sakki yfir línuna (brúnina á efninu) og þá þarf að útskýra að saumfóturinn á að ná aðeins út fyrir efnið svo sikk sakkið loki fyrir brúnina á því. Nemendum er kennt hvernig títuprjónarnir eiga að snúa til að hægt sé að sauma yfir þá og þeir eiga að teikna títuprjóna inn á blaðið.

Snákur Beinn saumur og sikk sakk

Í þessari æfingu er saumað eftir línunni og skipt um spor hjá hverri pílu. Að lokum eiga nemendur að sikk sakka brúnirnar á blaðinu, allan hringinn.

3. stig: 8., 9. og 10. bekkur

Jafnvel þó að nemendur séu komnir í unglingadeild og hafi saumað með saumavél í nokkur ár þarf að rifja upp. Góð vísa verður aldrei of oft kveðin. Á þessu stigi eru fleiri leiðbeiningar til nemenda í sjálfum æfingunum. Samt sem áður er mikilvægt að útskýra vel hvað á að gera til að æfingarnar nýtist þeim sem best. Hér þarf að hafa það í huga að saumavélar eru mjög misjafnar. Til dæmis þarf að stilla sporbreiddina á 0 á sumum saumavélum þegar saumaður er beinn saumur en á öðrum þarf eingöngu að stilla lengd sporanna. Athugið hvernig ykkar vélar eru og útskýrið vel hvernig skipt er á milli spora og hvernig sporengd og sporbreidd er stillt.

Hvar á ég að sauma?

Hér er útskýrt við hvað er stuðst þegar saumað er. Hér sést vel munurinn á því að sauma fótbreidd frá brún og að sauma 1,5 cm frá brún (mismunandi breitt saumfar).

Að sauma fótbreidd frá brún og sikk sakka brúnirnar saman

Þessi æfing er svipuð æfingunni „Fótbreidd frá brún“ á 2. stigi en hér bætast við leiðbeiningar til nemenda. Skyggðu fletirnir eru eins og efni og saumfóturinn á að vera við línuna innanverða (brúnina á efninu). Þegar sauma á sikk sakk þarf að útskýra að saumfóturinn á að ná aðeins út fyrir efnið svo sikk sakkið loki fyrir brúnina á því. Gott er að rifja upp hvernig títuprjónarnir eiga að snúa til að hægt sé að sauma yfir þá og hægt er að láta teikna títuprjóna inn á.



Að stilla saumsporin

Hér er lögð áhersla á að nemendur verði sjálfbjarga í að stilla á milli saumspora og kynnist ýmsum sporgerðum. Með teygjuspori er átt við overlock en einnig er hægt að sauma með öðrum teygjanlegum sporum. Hafa þarf í huga mismunandi saumavélar.

Óregluleg form Beinn saumur og sikk sakk

Hér er mikil áhersla á nákvæmni og að beygja rétt.




Frá A - Ö

Hér á að fylgja línunum stystu leið frá A-Ö. Hér þarf mikla nákvæmni og útsjónarsemi en það má ekki gleyma að hafa gaman af hlutunum!

Fyrsta saumavélaræfingin mín




Byrja hér





NAFN: _____ BEKKUR: _____

Kassar Beinn saumur



Mundu að fara hægt og vanda þig!




Byrja hér



NAFN: _____ BEKKUR: _____


Hundahlaup

Byrja hér



NAFN: _____ BEKKUR: _____


Bangsi






NAFN: _____ BEKKUR: _____

Form

Saumaðu eftir línunum.



Byrja hér






NAFN: _____ BEKKUR: _____

Að bakka í byrjun og enda Beinn saumur

Til að saumurinn rakni ekki upp þarf alltaf að bakka í byrjun og enda hvers saums. Saumaðu 4 - 5 spor áfram og jafn mörg spor til baka.





Byrja hér



NAFN: _____ BEKKUR: _____

Fótbreidd frá brún og títuþrjónar

Saumaðu fótbreidd frá brúninni á kössunum með beinum saumi og sikk sakkaðu síðan brúnirnar saman.




NAFN: _____ BEKKUR: _____

Snákur Beinn saumur og sikk sakk



Muna að bakka í byrjun og enda!


Byrja hér



Beinn saumur



Sikk sakk



Beinn saumur

Nú skalt þú sauma fótbreidd frá brúninni á blaðinu með beinum saumi allan hringinn.



Síðan stillir þú á sikk sakk og sikk sakk allar brúnirnar á blaðinu.

Sikk sakk

NAFN: _____ BEKKUR: _____

Hvar á ég að sauma?

Svona saumarðu á saumavél:




- 1** Saumaðu fótbreidd frá brún blaðsins, allan hringinn.
- 2** Saumaðu 1,5 cm frá brún blaðsins, allan hringinn.
- 3** Sikk sakkaðu allar brúnir blaðsins.


NAFN: _____ BEKKUR: _____

Að sauma fótbreidd frá brún og sikk sakka brúnirnar saman

Saumaðu báða ferhyrningana fótbreidd frá brún með beinum saumi, sporlengd 2,5 og sikk sakkaðu svo brúnirnar saman, sporlengd 2,5 og sporbreidd 5. Mundu að bakka í byrjun og enda.



Að sauma fótbreidd frá brún þýðir að brúnin á efninu á að nema við saumfótinn **hægra megin** þegar þú saumar.



Þegar búið er að sauma efni saman með beinu spori þarf að sikk sakka brúnirnar. Þegar þú sikk sakkar fer nálin til skiptis inn í efnið og út fyrir efnið



NAFN: _____ BEKKUR: _____

Að stilla saumsporin

Mundu að hafa nálina uppi þegar þú skiptir um spor.



Beinn saumur:
sporlengd 2,5



Sikk sakk:
sporlengd 2,
sporbreidd 4



Teygjuspor



Skrautspor
að eigin vali



Sikk sakk:
sporlengd 2,
sporbreidd 2



Skrautspor
að eigin vali


NAFN: _____ BEKKUR: _____

Óregluleg form Beinn saumur og sikk sakk


Til að saumurinn rakni ekki upp þarf alltaf að bakka í byrjun og enda.
Saumaðu 4 - 5 spor áfram og jafn mörg spor til baka.



Beinn saumur:
Sporlengd 2,5



Sikk sakk:
Sporlengd 2
Sporbreidd 3



NAFN: _____ BEKKUR: _____

Frá A - Ö

Fylgdu línunum stystu leið frá A - Ö. Beinn saumur, spurlengd 2,5.

A

Mundu að setja nálina niður og saumfótinn upp þegar þú beygir.

Mundu að fara varlega!

Ö

NAFN: _____ BEKKUR: _____